



Barbara  
Cartland

Á vit örlaganna

198

 SAGA  
EGMONT





# C

Barbara

# Cartland

Á vit örlaganna

198

 SAGA  
EGMONT

Barbara Cartland

Á vit örlaganna  
(Hin eilífa sería Barböru Cartland 4)

Skúli Jensson  
Þýddi

SAGA Egmont

*Á vit örlaganna (Hin eilífa sería Barböru Cartland 4)*

Translated by Skúli Jensson

Original title: *The Secret of the Mosque*

Original language: English

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1986, 2021 Barbara Cartland and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726707137

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

[www.sagaegmont.com](http://www.sagaegmont.com)

Saga Egmont - a part of Egmont, [www.egmont.com](http://www.egmont.com)

# Formáli höfundar

Árið 1880 viðurkenndu Bretar Abdurrahman Khan sem emír í Kabúl og gerðu ráðstafanir til að tryggja brezkum þegnum aðgang að öllum hlutum Afganistans.

Þegar Bretar bjuggust til ferðar var brezk hersveit gersigruð af Ayub Khan, nálægt Kandahar.

Robert lávarður fór til Kandahar með 10.000 manna úrvalslið. 31. ágúst 1880 réðust þeir á lið Ayub Khan og gersigruðu það.

Bretar fluttu her sinn frá Afganistan, en eftir að þeir voru farnir settist Ayub Khan um Kandahar, en beið ósigur fyrir emírnum Abdurrahman. Eftir það flýði hann til Persíu.

Arftakar Ungu Ósmannanna voru Ungu Tyrkirnir, sem að lokum tókst eftir vopnaða uppreisn 1908, að neyða Abdul Hamid soldán til að endurnýja stjórnarskrána.

# Fyrsti kafli

## 1895

— Mamma, sagði Rózella. — Ég er hrædd um að við neyðumst til að selja húsið. Mamma hennar rak upp óp.

— Æ, nei, vina mín, það getum við ekki gert.

— Það er ekki um annað að ræða, mamma. Ég er búin að velta þessu fyrir mér á allar lundir, en reikningarnir aukast með hverjum degi.

Frú Beverly sat í stól við arininn og kreisti saman hendurnar eins og henni fyndist hún þurfa að hafa stjórn á sér í viðurvist dótturinnar.

— Ef við ... verðum raunverulega ... að flytja, sagði hún eftir andartaks þögn. — Hvert ... eigum við þá að fara?

Rózella, sem sat við borðið með bunka af reikningum, sló út hödunum hjálparvana.

— Það hefi ég ekki hugmynd um, mamma.

— En við getum ekki flutt föður þinn.

— Hvernig líður honum? spurði Rózella snögg. — Hvað sagði læknirinn?

— Hann sagði, að hjarta föður þíns væri orðið næstum eðlilegt aftur, svaraði frú Beverly hægt, eins og hún veldi orð sín af gætni. — En hann verður að hlífa sér og auðvitað fá næga og rétta fæðu.

Hún leit hjálparvana á dóttur sína.

— Ég bjóst við því, svaraði Rózella. — En hvað eigum við að gera, mamma? Ég sé ekki aðra leið en að selja húsið.

Frú Beverly, sem enn var mjög yndisleg kona, leit í kringum sig í litlu setustofunni, með örvæntingar- og saknaðarsvip.

— Við höfum verið svo hamingjusöm hér, sagði hún eins og við sjálfa sig. — Við komum hingað eftir að ég hljópst á brott með föður þínum, og það hefir alltaf verið eins og húsið væri fullt af sólskini.

— Mér þykir líka vænt um það, mamma, sagði Rózella blíðlega. — Og ég veit að þér yrði það hræðilega sárt að flytja, en mér virðist á öllu að við séum tilneydd, ef við eigum ekki að svelta.

Frú Beverly gaf frá sér andmælahljóð.

— Það má faðir þinn ekki undir nokkrum kringumstæðum. Læknirinn lagði einmitt áherzlu á að hann yrði að fá nægilegt af kjúklingum, mjólk og öðru, sem gæti freistað hans. Þú veizt hve matvandur faðir þinn er.

— Hann hefir skemmzt af dekri á ferðum sínum erlendis, sagði Rózella og brosti. — Sérstaklega í Frakklandi og Mið-Austurlöndum.

— Nanny hefir reynt að elda það sem honum fellur bezt, sagði frú Beverly. — Já, við höfum allar reynt að gera okkar bezta.

Það varð dálítill þögn, áður en Rózella sagði dálítið, sem henni fannst sjálfri hranalegt:

— Með hverju?

Það varð þögn, en loftið virtist titra af spurningum, sem ekki var hægt að svara.

Það var barið á útidyrnar og Rózella stóð á fætur.

— Ég skal fara, sagði hún. — Nanny er að búa um svefnherbergið þitt. Hún hefir ekki heyrt bankið.

Nanny var eina þjónustustúlkan, sem þau höfðu efni á. Hún hafði verið hjá þeim, frá því að Rózella fæddist, og hún hafði aldrei haft áhyggjur af því, þó að hún fengi ekki laun sín á réttum tíma í marga mánuði.

Hún hafði elskað Rózellu frá því að hún fæddist og var orðin ein af fjölskyldunni.

Á leiðinni fram hugsaði Rózella, að Nanny hefði jafn lítinn áhuga á að flytja frá þessu litla setri og móðir hennar.

Henni fannst óhugsandi, að þau kynnu að neyðast til að gera það, því að hér hafði hún búið alla ævi. En henni virtist að húsið væri nægilega aðlaðandi til að geta selzt fyrir gott verð. Það myndi gera þeim fært að kaupa minna hús og að minnsta kosti geta um tíma keypt þann mat, sem föður hennar var svo nauðsynlegur.

Hún opnaði dyrnar og sá sér til undrunar að það var pósturinn, Tom Cobb, sem stóð fyrir utan.

— Góðan dag, Tom, sagði hún. — Hvers vegna komið þér aftur?

— Já, það má nú segja, ungrú Rózella, sagði Tom Cobb á breiðri Sussex-mállýzku. — Ég er nú búinn að þramma heim heimreið ykkar tvisvar í morgun og gigtin hefir verið að kvelja mig undanfarna daga.

— Það var leitt að heyra, Tom, sagði Rózella. — Hvað er það núna?

Pósturinn dró langt umslag upp úr töskunni sinni. Á því voru óvenju mörg frímerki.

— Hraðbréf, ungrú. Nýtt uppátæki frá Lundúnum og enginn spyr mig, hvað mér finnist um það.

— Hvað skyldi þetta vera, sagði Rózella. — Ég vona bara að það sé ekki nýr reikningur.

— Sá, sem hefir sent það hefir notað fjári mikla peninga til að senda yður það. Tom brosti. — Jæja, ég verð að halda áfram, en ég vona að ég þurfi ekki hingað aftur fyrr en í fyrramálið.

— Kærar þakkir, Tom, sagði Rózella.

Hún lokaði dyrunum og sá að bréfið var áritað til föður hennar með sterklegri, beinni stafagerð.



Hún fór með það inn í stofuna og hugsaði, að hún yrði að geyma frímerkin handa litla syni Jacksons bónda. Hann safnaði þeim.

— Hvað var það, vina mín? spurði móðir hennar, þegar hún kom aftur inn í stofuna.

— Það lítur út fyrir að vera áriðandi bréf til pabba, svaraði Rózella. — Það kemur frá Lundúnum, svo að ég er viss um að það er ekki nýr reikningur.

— Við megum ekki valda föður þínum áhyggjum með því, sagði frú Beverly fljótt. — Að minnsta kosti ekki fyrr en við vitum hvað það er.

— Á ég að opna það, mamma?

— Já, gerðu það, sagði frú Beverly. — Ég bið til Guðs að kraftaverkið gerist, svo að það verði góðar fréttir.

Þeim flaug báðum í hug, að ef til vill væri það frá einhverjum af útgefendum prófessorsins, sem væri að senda honum greiðslur fyrir einhverja af bókum hans.

Rózella vissi, að það var ekki sennilegt.

Bækur föður hennar, sem voru fremur þungar frásagnir af ýmsum þjóðflokkum og tungumálum þeirra, voru mikils metnar og vöktu aðdáun lærðra manna, en almenningur hafði lítinn áhuga á þeim.

Við nánari umhugsun mundi hún að þau fáu pund, sem þau höfðu fengið fyrir sölu á síðasta ári, höfðu komið fyrir þrem mánuðum.

Hún reif umslagið gætilega upp og dró út innihaldið.

Það var tveggja síðna bréf, skrifað á þykkan, dýran skrifpappír. Efst var skjaldarmerki og heimilisfang, sem hún þekkti ekki.

Hún vissi að móðir hennar beið, svo að hún las með blíðri og hljómfagurri rödd sinni:

*Kæri Beverly.*

*Þegar þér fáið þetta bréf óska ég að þér komið þegar í stað til Dover og farið með lestinni landleiðina til Konstantínópel, þar sem ég bíð yðar. Ég legg af stað í dag í afar mikilsverða ferð og það er lífsnauðsynlegt að þér verðið þar til að hjálpa mér — eins og þér hafið gert fyrr — með tungumál þess furðulega fólks, sem við eigum að sækja heim.*

*Ég geri ráð fyrir að yður sé ljós sá margvíslegi spenningur sem ríkir í hinum íslamska heimi og hættan frá byltingaröflum í Ottóman-keisaraveldinu.*

*Utanríkisráðherrann hefir einnig mjög miklar áhyggjur af ýmiss konar orðrómi sem er á kreiki í Evrópu um óróa í brezka heimsveldinu. Ein sagan er að Tyrkir hafi hertekið Súez-skurðinn og leigt Rússum hann, en prestar og fyrimenn Íslams telja hinum rétttrúuðu trú um að brezkar byssukúlur muni aldrei geta sært þá.*

*Allt þetta verður að hrekja, en utanríkisráðherrann þarfnast meiri upplýsinga en þeirra, sem hann hefir fengið eftir diplómátskum leiðum og þér og ég vitum, hvernig bezt er að afla þeirra.*

*Ég hlakka til að hitta yður í Konstantínópel, svo fljótt sem mögulegt er og hér með fylgir farmiði á fyrsta farrými með Ermarsundsferjunni og svo lestinni, eða öllu heldur lestunum, þannig að þér komizt fljótt á ákvörðunarstað.*

*Sömuleiðis legg ég hér með fimmtíu pund í seðlum fyrir kostnaði, ásamt ávísun á fimm hundruð pund, til lúkningar á helmingi venjulegra launa yðar eins og venja hefir verið.*

*Vinsamlegast leggið af stað strax og þér hafið mótttekið þetta bréf. Ef einhver vandkvæði kynnu að koma upp, getið þér auðvitað haft samband við ritara minn á ofanrituðu heimilisfangi.*

*Þar eð málið er afar áríðandi vænti ég þess að þér verðið kominn til mín í lok næstu viku.*

Mervyn.

Rózella var móð, þegar hún hafði lokið við að lesa bréfið og leit svo nánar á innihald umslagsins. Hún leit upp.

— Fimm hundruð pund, mamma, sagði hún næstum með virðingu.

Frú Beverly, sem hafði hlustað af athygli, meðan hún las, sagði:

— Mervyn lávarður hefir alltaf verið afar rausnarlegur, og þegar pabbi þinn fór með honum í síðasta leiðangurinn — það hljóta að vera að minnsta kosti sjö ár síðan — borgaði hann honum þúsund pund.

Rózella lagði ávísunina á borðið og brosti. Hún varð æst bara við að sjá svona stóra upphæð.

— Pabbi er víst alls ekki fær um að fara í þessa ferð, sagði hún með söknuði.

— Nei, auðvitað ekki, sagði frú Beverly skelfd. — Það myndi ríða honum að fullu. Læknirinn sagði, að hann gæti hæglega fengið nýtt hjartakast, ef við gætum okkar ekki.

Hún þagnaði en bætti svo við:

— Þú verður að senda bréf með ávísuninni og farmiðunum og útskýra hve veikur pabbi er.

— Já, en Mervyn lávarður hlýtur að vera farinn af stað núna, mamma. Hann segir það í bréfinu.

— Ritari hans hlýtur að geta náð sambandi við hann, þegar hann kemur til Konstantínópel og sagt honum, að hann verði að bjargast á eigin spýtur.

— Hvað starfar Mervyn lávarður? spurði Rózella. — Pabbi hefir að vísu talað um hann, en ég hefi aldrei hlustað vel á það.

— Faðir þinn hefir aldrei talað mikið um það af þeirri einföldu ástæðu að það var svo leynilegt. Ég veit ekki

heldur nákvæmlega, hvað Mervyn lávarður og faðir þinn gerðu. Síðast fóru þeir til Alsír og það var afar hættuleg ferð, þó að pabbi þinn segði mér það ekki fyrr en eftir. Hún tókst þó ágætlega og þeir fengu heilmiklar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið gat ekki fengið með öðru móti.

— Mamma, ertu að reyna að segja mér að pabbi hafi verið njósnari fyrir ríkisstjórnina? spurði hún vantrúuð.

Frú Beverly rak upp hlátur.

— Ég held einmitt að svo hafi verið. Mervyn lávarður var sendur til að komast að sannleikanum um vissan orðróm, sem hafði borizt til Englands og hann hafði auðvitað þörf fyrir pabba þinn, af því að hann talaði arabisku fullkomlega, og var einnig fullfær í öllum mállýzkunum þar. Hann gat talað beint við alla ættflokka og komizt að því, hvað væri um að vera.

— Og nú biður hann þá pabba um að gera slíkt aftur, sagði Rózella hugsandi.

Hún laut höfði og hélt áfram:

— Mervyn lávarður hlýtur að vera furðulegur maður, fyrst hann ætlast til að pabbi geti komið fyrirvaralaust, þegar hann þarf á að halda.

— Ég er hrædd um að Mervyn lávarður líti á sig sem þýðingarmesta mann heimsins, sagði frú Beverly og brosti við.

— Ja, mér finnst það nú nánast móðgun, sagði Rózella. — Hann skipar pabba fyrir eins og hann væri þjónn: komdu, gerðu þetta, farðu strax af stað. Hvernig veit hann hvort það hentar pabba?

— Mervyn lávarður telur að störf hans gangi fyrir öllu öðru, sagði frú Beverly.

— Jæja, í þetta skipti verður hans hátign fyrir vonbrigðum, sagði Rózella. — Ég vildi gjarnan sjá framan í hann, þegar hann fær að vita í Konstantínópel að enginn er til að hjálpa honum. Hann verður að bjarga því öllu sjálfur.



— Ég er viss um að hann verður mjög æstur, sagði frú Beverly. — Ég held, að hann hafi alls ekki getað án föður þíns verið, en ég mun aldrei gleyma, hve hrædd og áhyggjufull ég var þessa þrjá mánuði sem hann var í burtu og ég er afar þakklát fyrir að hann getur ekki farið núna.

— Mamma, sagði Rózella hægt. — Við gætum líklega ekki haldið ávísuninni sem hann sendi þabba? Það er allt sem okkur hefir dreymt um.

— Nei, auðvitað ekki, sagði Beverly. — Hvernig dettur þér það í hug?

— Ég var bara að stríða, svaraði Rózella. — Ég skal senda hana aftur, en hún hefði getað bjargað okkur frá því að flytja og útvegað okkur nóg af góðum mat.

Hún stóð upp og gekk að borðinu. Meðan hún stóð og starði á ávísunina með kröftugri, persónulegri undirskrift Mervyns lávarðar, gaf hún frá sér dálítið óp.

— Hvað er þetta? spurði móðir hennar.

— Mér datt dálítið í hug, mamma. Hvers vegna ættum við að senda ávísunina aftur, þegar ég get farið í stað þabba? Þú veizt, að ég tala öll þessi mál, sem Mevyn hefir þörf fyrir, næstum jafn vel og hann.

— Nú ertu aftur að stríða, sagði frú Beverly. — Geturðu ekki ímyndað þér það uppistand sem yrði, ef þú birtist í stað föður þíns?

— Ég gæti orðið að miklu gagni, svaraði Rózella. — Í síðustu bók þabba var langur kafli á tyrknesku, og hann lét mig endurtaka hvert einasta orð, þar til ég gat borið það rétt fram. Sama er að segja um allar aðrar mállýzkur sem talaðar eru í Konstantínópel. Ég hefi talað þær allar frá því að ég var lítil. Pabbi hefir séð til þess.

Frú Beverly vissi, að það var satt, því að maður hennar var einhver bezti sérfræðingur í tyrknesku og arabisku og mállýzkum innan þeirra.

Hann hafði haft mikla ánægju af því að kenna einkabarni sínu. Og hann byrjaði á því þegar hún var mjög ung.

— Hefðirðu verið drengur hefði það verið mjög auðvelt, sagði frú Beverly. — En þar eð þú ert sú, sem situr heima, veit ég, að þú myndir njóta slíkrar ferðar. En vina mín, því miður ert þú stúlka og meira að segja mjög aðlaðandi, ung stúlka.

Rózella settist aftur gegnt móður sinni.

— Við skulum hugsa okkur um, mamma, sagði hún. — Við vitum báðar, að ekkert er ómögulegt hér í heimi. Við vitum líka, að það er komin fimm hundruð punda ávísun, sem svar við bænum okkar.

— Hvað ertu að segja? Um hvað ertu að tala? spurði frú Beverly.

— Ég er bara að reyna að átta mig á, hvernig ég geti farið í stað pabba, en þú verðir hér og notir fimm hundruð pundin til að koma honum til heilsu á ný.

— Þetta er tóm vitleysa og þú veizt það, svaraði frú Beverly. — Vertu ekki með kjánaskap. Þú ert alltof yndisleg til að ferðast neitt ein, jafnvel héðan til Lundúna.

— Þú telur sem sagt, sagði Rózella hægt, — að enginn myndi áreita mig, ef ég væri leiðinleg, miðaldra og með gleraugu.

— Þú værir samt sem áður *dama*, sagði móðirin. — Og *dama* ferðast ekki fylgdarlaus.

— Hún getur hæglega legið ein í kistu, þegar hún deyr úr hungri, svaraði Rózella.

Frú Beverly leit undan, þegar henni varð ljóst, hve mögur dóttir hennar var. Afar áhyggjufull vegna hugmynda Rózellu sagði hún:

— Allt í lagi, við seljum húsið. Ég er viss um, að við finnum eitthvað minna, þar sem fer vel um okkur.

— Nei, mamma, sagði Rózella ákveðin. — Það gerum við ekki. Við verðum að vera hugrakkar, enda þótt það sé